

6. Áður en tilraunarbrennsla olíusorans hefst skal framkvæma minnst fjórar mælingar á magni eftirtalinna fimm málma, Cd, Hg, Pb, Cr og Ni, bæði í rafsíuryki og ryki í skorsteini verksmiðjunnar. A.m.k. tveir dagar skulu líða milli töku einstakra sýna. Sýnatakan skal framkvæmd á vegum Hollustuverndar ríkisins, en efnagreiningu sýnanna skal fela óháðum aðila.
7. Á meðan tilraunarbrennsla olíusora á sér stað, skal taka ryksýni úr rafsíu og skorsteini minnst fimm sinnum með a.m.k. viku millibili til efnagreiningar, en oftast ef Hollustuvernd ríkisins þykir ástæða til. Fyrstu sýnatökuna skal framkvæma innan viku frá því að tilraunarbrennslan hefst. Sýnatakan skal framkvæmd á vegum Hollustuverndar ríkisins, en efnagreiningu sýnanna skal fela óháðum aðila.
8. Sementsverksmiðja ríkisins ábyrgist, að brennsla olíusorans verði einungis framkvæmd þegar að tryggt er að hann verði í a.m.k. tvær sekúndur við 1400°C eða hærri hita í ofni verksmiðjunnar.
9. Gefi niðurstöður efnagreininga á ryki úr rafsíu eða skorsteini Sementsverksmiðjunnar, eða aðrar upplýsingar um mengunarhættu af völdum brennslu olíusorans tilefni til breytinga á bráðabirgðastarfsleyfi þessu, er Hollustuvernd ríkisins það heimilt að höfðu samráði við Heilbrigðiseftirlit Akranessvæðis.
10. Eigendur olíusorans (þ.e. íslensku olúfélögin) skulu bera allan kostnað við sýnatöku og efnagreiningar, sem þörf er á samkvæmt bráðabirgðastarfsleyfi þessu.
11. Bráðabirgðastarfsleyfi þetta, sem veitt er í samræmi við mengunarvarnareglugerð nr. 389/1990 sbr. lög nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, öðlast þegar gildi og gildir til 1. maí 1993.

Umhverfissráðuneytið, 27. apríl 1992.

Eiður Guðnason.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

GJALDSKRÁ

fyrir sérstök eftirlits- og þjónustustörf Vinnueftirlits ríkisins.

1. gr.

Eigendur eða umráðamenn eftirlitsskyldra farandvinnuvéla, vinnuvéla, búvéla, lyftna, eimkatla og vatnshitunarkerfa skulu árlega greiða gjald í ríkissjóð fyrir skráningu og eftirlit með slíkum vélum og tækjum samkvæmt gjaldskrá þessari. Eigendur eða umráðamenn eftirlitsskyldra atvinnufyrirtækja skulu á sama hátt greiða fyrir ýmiss konar aukþjónustu Vinnueftirlits ríkisins.

2. gr.

Fyrir skráningu og skoðun farandvinnuvéla, vinnuvéla, lyftna, eimkatla og annarra tækja og þjónustu sem tilgreind eru í viðauka 1 með gjaldskrá þessari skal greiða gjald sem reiknað er þannig að margfaldaður er saman fjöldi gjaldeininga sem tilgreindur er í viðauka 1 og gjald fyrir hverja einingu samkvæmt 2. mgr. þessarar greinar.

Fyrir hverja gjaldeiningu skal greiða kr. 642,00.

Þó framskoðun fari fram oftast en einu sinni á ári, greiðist skoðunargjald aðeins einu sinni nema framkvæma þurfi aukaskoðun vegna vanrækslu á framkvæmd fyrirskipaðra umbóta, en fyrir slíka skoðun greiðist fullt gjald.

Sé gjaldskyld eftirlit með vinnuvélum, eimkötum, lyftum eða öðrum tækjum framkvæmt utan reglulegs vinnutíma samkvæmt ósk eiganda eða umráðamanns fyrirtækis greiðist 50% álag á skoðunargjald skv. 1. mgr. þessarrar greinar. Sé gasmæling, þrýstiraun eða önnur hliðstæð þjónusta framkvæmd utan reglulegs vinnutíma samkvæmt ósk eiganda eða umráðamanns fyrirtækis eða skips skal hann greiða þann kostnað sem af slíku hlýst.

3. gr.

Fyrir umfangsmeiri mælingar á hávaða, titringi, mengun í andrúmslofti, lýsingu vinnurýmis eða aðrar hliðstæðar athuganir skal eigandi eða umráðandi fyrirtækis greiða þann kostnað sem af mælingum hlýst samkvæmt samkomulagi við forstjóra Vinnueftirlits ríkisins.

4. gr.

Fyrir þátttöku í námskeiðum Vinnueftirlitsins um meðferð og stjórnun vinnuvéla (frumnámskeið), um meðferð og stjórnun byggingakrana og um meðferð sprengiefna skulu þátttakendur greiða gjöld sem forstjóri Vinnueftirlitsins ákveður með hliðsjón af kostnaði við framkvæmd hvers námskeiðsflokks fyrir sig.

5. gr.

Innheimtumenn ríkissjóðs annast innheimtu gjalda samkvæmt 2. og 3. gr. gjaldskrár þessarar. Önnur gjöld innheimtir Vinnueftirlitið og getur það krafist greiðslu áður en þjónusta er látin af hendi.

Gjaldskrá þessi sem sett er samkvæmt 2. mgr. 49. gr., 3. mgr. 77. gr., 2. og 4. mgr. 80. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum staðfestist hér með til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir þjónustustörf Vinnueftirlits ríkisins nr. 144/1991.

Félagsmálaráðuneytið, 24. apríl 1992.

Jóhanna Sigurðardóttir.

Óskar Hallgrímsson.

VIÐAUKI 1.

Yfirlit yfir gjaldskylda tækjaflokka og þjónustu, ásamt gjaldeiningum hvers flokks.

Flokkur	Tækjaheiti/Þjónusta	Gjaldeiningar
1. AB	Byggingakranar (turnkranar)	13.2
2. AH	Hafnarkranar, iðnaðarkranar, stærri gerð	13.2
3. BB	Grindarbómukranar á beltum	15.2
4. BG	Grindarbómukranar á hjólum	15.2
5. BH	Hleðslukranar, stærri gerð	15.2
6. BS	Vökvakranar með skotbómu	15.2
7. CA	Hafnarkranar, minni gerð	5.0
8. CD	Hlaupakettir/talíur	4.6
9. CB	Brúkranar	7.0
10. CI	Iðnaðarkranar, minni gerð	5.0
11. DA	Farandkranar, minni gerð	10.2
12. DK	Körfukranar	7.6
13. DS	Stey pudlukranar	7.6
14. EA	Gröfur á hjólum m/360° snúning	7.0
15. EB	Gröfur á beltum	7.0

Flokkur	Tækjaheiti/Pjónusta	Gjaldeiningar
16. EH	Gröfur á hjólum (traktorsgröfur)	7.0
17. EK	Gröfur á hjólum, ekki fyrir umferð	7.0
18. FB	Beltaskóflur	7.0
19. FH	Hjólaskóflur	7.0
20. GB	Jarðýtur	7.0
21. GS	Borvagnar, stærri gerð	7.0
22. HV	Vegheflar	7.0
23. IA	Dráttartæki á flugvöllum	4.0
24. IB	Sópar, snjóplógar, snjóblásarar	4.0
25. ID	Dráttarvélar með tækjabúnaði	6.0
26. II	Sérbúnaðar vinnuvélar í iðjuverum	5.0
27. IM	Gröfur, ámokstursskóflur, minni gerð	6.0
28. IS	Snjótroðarar	6.0
29. IT	Dráttartöggar	6.0
30. JL	Lyftarar < 10 t lyftigeta	3.5
31. JF	Lyftitæki fjölnotatæki < 6tm lyftigeta	7.0
32. JV	Lyftiverkpallar á flugvöllum	8.6
33. KG	Lyftarar > 10 t lyftigeta	6.0
34. KL	Lyftitæki, fjölnotatæki > 6tm lyftigeta	7.0
35. LS	Valtarar, sjálfkeyrandi	5.0
36. MM	Malbikunarvélar, fræsarar, sjálfkeyrandi	4.0
37. NB	Bílalýftur	7.6
38. NF	Fólkslyftur	7.6
39. NG	Fólks- og vörulyftur	7.6
40. NM	Matarlyftur	4.6
41. NR	Rúllustigar	6.6
42. NV	Vörulyftur, byggingalyftur	6.6
43. OB	Togbrautir fyrir skíðafólk	9.7
44. OS	Stólalyftur	33.4
45. OT	Toglyftur	14.7
46. PG	Gámalyftur	6.0
47. PH	Hleðslukranar, minni gerð	3.5
48. RB	Borvagnar, minni gerð	5.0
49. RM	Jarðborar, minni gerð	5.0
50. RS	Jarðborar, stærri gerð	15.2
51. SA	Valtarar, sópar, plógar, blásarar o.fl. dregin tæki	6.0
52. SD	Flutningatæki	4.5
53. SE	Vélar tengdar ökutæki, minni gerð	4.0
54. SF	Brjótur	3.0
55. SH	Hörpur	3.0
56. SI	Stórar hringekjur, stærri tæki	13.5
57. SJ	Litlar hringekjur, minni tæki	7.5
58. SK	Leiktæki, minni gerð	3.0
59. SK	Leiktæki, minnsta gerð	1.5
60. VA	Gámarammar	8.6
61. VD	Brettaskápar, herðatré	5.0
62. VH	Körfur til að hífa fólk og lyfta fólki	2.5
63. VL	Lyftiverkpallar	8.6
64. VP	Hengiverkpallar	8.6
65. ZA	Eimkatlar 1, aðalskoðun	8.5
66. ZA	Eimkatlar 1, ársskoðun	4.5
67. ZB	Eimkatlar 2, aðalskoðun	12.0
68. ZB	Eimkatlar 2, ársskoðun	5.5
69. ZD	Eimkatlar 3, aðalskoðun	20.0
70. ZD	Eimkatlar 3, ársskoðun	13.0
71. ZE	Eimkatlar 4, aðalskoðun	32.5
72. ZE	Eimkatlar 4, ársskoðun	21.5
73. ZF	Vatnshitunarkerfi	3.2
74. ZG	Neysluvatnshylki	1.1
75.	Gasmæling, 1. geymir	1.7

Flokkur	Tækjaheiti/Þjónusta	Gjaldeiningar
76.	Gasmæling, hver geymir umfram fyrsta	1.1
77.	Prýstiraunir katla og geyma, minna rými en 2 m ³	1.7
78.	Prýstiraunir katla og geyma, stærra rými en 2 m ³	2.2
79.	Átaksprófanir 0-2999 kg	2.7
80.	Átaksprófanir 3000-10000 kg	3.6
81.	Átaksprófanir yfir 10000 kg	5.3
82.	Verklegt próf á lyftara	1.7
83.	Verklegt próf á aðrar vélar en lyftara	2.6
84.	Verklegt próf í notkun sprengiefna	6.2
85.	Útgáfa skírteina til stjórnunar farandvinnuvéla	2.4
86.	Endurútgáfa skírteina til stjórnunar farandvinnuvéla og færslu nýrra réttinda	1.2
87.	Skráning vinnuvélar	2.7

24. apríl 1992

Nr. 156

REGLUGERÐ

**um innheimtu þungaskatts af bifreiðum sem skrásettar eru
erlendis og nota annan orkugjafa en bensín.**

1. gr.

Af bifreiðum, sem skrásettar eru erlendis og nota annan orkugjafa en bensín, skal greiða þungaskatt fyrir hverja byrjaða viku sem bifreiðar eru hérlandis, talið frá og með komudegi, sem hér segir:

a) Af bifreiðum, öðrum en þeim sem um er rætt í b-lið þessarar greinar og búnar eru viðhlítandi öikumælum, sbr. reglugerð nr. 62/1977, um öikumæla, með síðari breytingum.

Eigin þyngd bifreiðar kg	Þungaskattur fyrir hverja byrjaða viku kr.	Eigin þyngd bifreiðar kg	Þungaskattur fyrir hverja byrjaða viku kr.
Allt að 1000	2.689	7200 – 7399	7.327
1000 – 1999	3.343	7400 – 7599	7.385
2000 – 2199	3.635	7600 – 7799	7.441
2200 – 2399	3.830	7800 – 7999	7.498
2400 – 2599	4.028	8000 – 8199	7.612
2600 – 2799	4.222	8200 – 8399	7.668
2800 – 2999	4.421	8400 – 8599	7.725
3000 – 3199	4.617	8600 – 8799	7.782
3200 – 3399	4.812	8800 – 8999	7.839
3400 – 3599	5.009	9000 – 9199	7.952
3600 – 3799	5.207	9200 – 9399	8.051
3800 – 3999	5.401	9400 – 9599	8.149
4000 – 4199	5.605	9600 – 9799	8.247
4200 – 4399	5.769	9800 – 9999	8.345
4400 – 4599	5.936	10000 – 10199	8.445
4600 – 4799	6.104	10200 – 10399	8.505
4800 – 4999	6.271	10400 – 10599	8.567
5000 – 5199	6.437	10600 – 10799	8.625
5200 – 5399	6.538	10800 – 10999	8.685
5400 – 5599	6.641	11000 – 11199	8.748
5600 – 5799	6.743	11200 – 11399	8.971
5800 – 5999	6.845	11400 – 11599	9.194
6000 – 6199	6.947	11600 – 11799	9.416
6200 – 6399	7.013	11800 – 11999	9.640
6400 – 6599	7.078	12000 – 12199	9.863
6600 – 6799	7.180	12200 – 12399	10.050
6800 – 6999	7.245	12400 – 12599	10.236
7000 – 7199	7.271	12600 – 12799	10.420